



Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

86. fundur skóla- og frístundaráðs, 14. okt. 2015, [sjá fundargerð](#)

8. liður

Gervigrasvellir á skólalóðum kynning.

Árið 2010 var fyrst vakin athygli hér á landi á alvarlegum heilsufarslegum áhrifum sem dekkjakurl á sparkvöllum getur haft. Frá þeim tíma hefur annað efni eða aðrar aðferðir verið notaðar til að skapa rétt undirlag á sparkvöllum og ber að hrósa fyrir það. Eftir sitja þó 15 sparkvellir þar sem dekkjakurl er enn til staðar. Fulltrúi foreldra grunnskólabarna skorar á borgina að setja endurnýjun þessara valla í forgang til þess að tryggja börnunum í borginni aðgengi að völlum sem ekki eru hættulegir heilsu þeirra.